

Myndbandið “Íslenska sauðkindin”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- grunnorðaforði í kringum sauðfé
- útlit
- helstu eiginleikar íslensks sauðfjár (sem eru að mörgu leyti ekki eins og hjá erlendum sauðfjárkynjum!)
- hvað eru jórturdýr
- innsýn í hversdaginn sauðfjár á mismunandi sauðfjárbúum – á mismunandi árstímum
- hvernig nýttist íslenska sauðkindin okkur áður fyrr, hvernig nýtist hún okkur í dag?

Íslenskt sauðfé er *landnámskyn*: Það hefur verið til á Íslandi frá 9. öld og byggir erfðaeefnið sitt á mjög gömlum grunni – sem er einstakt á heimsvísu. Íslendingar hafa aldrei flokkað búfé sitt niður í kyn með staðalútlit og bannað allt annað (t.d. ákveðna liti eða hornalag), ólíkt flestum öðrum löndum. Íslenskt sauðfé býr þess vegna yfir mjög breiðum erfðafræðilegum grunni, til eru:

- alls konar stærðir og gerðir,
- nærri allir litir sem sauðfé getur líffræðilega verið með,
- horn frá núll (kollótt) til sex,
- sérstök ræktunarlína “forystufé” sem er ræktað eingöngu út frá forystueiginleikum/greind, ekki m.t.t. kjöts/ullar/mjólkur (sumir flokka forystufé sem aðskilið sauðfjárkyn).

Íslenskt sauðfé fæddi og klæddi íslensku þjóðina í þúsund ár – úr engu nema grasi.

Það er einstakt bæði á Íslandi og á heimsvísu.

Án hennar hefði ekki verið hægt að byggja Ísland og án hennar hefðu Íslendingar ekki lifað af. Margt í íslenskri menningu er tengt sauðkindinni.

Í lokin – orðið “ær” (kvenkyns sauðkind) beygist eins og hér segir:

ær	ærin	ærnar
um á	um ána	um ærnar
frá á	frá ánni	frá ánum
til ær	til ærinnar	til áнна

Meira um íslensku sauðkindina:

- Bókin “Litadýrð – handbók um liti í íslenska sauðfjárstofninum” – *ath.: Skólar geta pantað ókeypis bekkjarsett.*
- Fjár sjóður-myndband: “Búfjártegundir á Íslandi í dag – berum þær aðeins saman!”
- Fjár sjóður-myndband: “Hvernig verður mjólkinn til - hluti 3”

- Leiðbeiningarmyndbönd um burðarhjálp; markhópur: sauðfjárbændur og aðstoðarfólk, en mjög áhugaverð einnig fyrir aðra, þar sem þau eru mjög ítarleg – **einnig hægt að tengja við líffræðikennslu;** myndböndin “Eðlilegur burður” og **“Til gamans – svipmyndir úr sauðburði”** henta sérstaklega vel til að veita nemendum innsýn án þess að fara inn í smáatriði: tinyurl.com/saumburdarhjalp
- Bókin “Sauðfjarrækt á Íslandi” (2013; hentar eldri nemendum eingöngu)
- Bókin “Forystufé” eftir Ásgeir Jónsson (1953, endurútgefin 2016): hetjusögur frægra forystukindur á milli 1850 og 1950:
 - bæði spennandi og fræðandi, **tilvalið að lesa stakar sögur og ræða bakgrunninn**, einnig gamla búskaparhætti
 - sögurnar eru flokkaðar eftir svæðum, hægt að velja sitt svæði til að sjá tengslin – mögulega jafnvel ættartengsl við mannfólk sem kemur fram
 - hægt að skoða vettvanginn viðkomandi sögu á korti og/eða loftmynd – eða jafnvel á staðnum
- Bókin “Sauðkindin, land og þjóð” eftir Stefán Aðalsteinsson (1983, aðallega fyrir eldri nemendum)
- Facebook-hópur “Sauðfjárbændur”
- Facebook-hópur “Forystufé”
- safnið Sauðfjarsetur í Sævangi á Ströndum, rétt sunnan við Hólmavík: saudfjarsetur.is
- safnið Fræðasetur um forystufé á Svalbarði í Þistilfirði, ekki langt frá Þórshöfn: forystusetur.is (*heimasíðan er mögulega úrelt, best að hafa samband beint við Daníel Hansen, Svalbarði*)

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Hvað heitir kvenkyns sauðkind?
- Eru allir hrútar með horn?
- Geta ær verið með horn?
- Hvað heita hárin á kindinni?
- Hvernig finnst kindum að vera úti í snjónum?
- Eru flestar kindur svartar?
- Hvað gera lömbin helst á kvöldin?
- Hvað heitir húsið þar sem kindurnar búa í?
- Hvað er hey?
- Þurfa íslenskar kindur mikið af kjarnfóðri/korni?
- Eru kindur með 2 maga?
- Hvernig kallast dýr sem tryggja matinn sinn í tveimur áföngum?
- Hvað kom ykkur mest á óvart í þessu myndbandi?
- Hvað fannst ykkur skemmtilegast?
- Í sveitinni: Eruð þið með kindur heima? Í borginni: Þekkið þið einhvern sem á kindur?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net